

STARFSLEYFI

Framleiðsla á [bleikju-, lax-, regnboga- og borrhaseiðum]¹

Matorka ehf.²

Hlíðarsmára 6

201 Kópavogi

Kt.: 500412-0540

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Matorku ehf. kt. 500412-0540, til reksturs fiskeldisstöðvar að Fellsmúla, Hellu. Matorka ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og frágangur og starfsemi skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni árlega allt að 350 tonnum af [bleikju-, lax-, regnboga- og borrhaseiðum]³. Ekki er gert ráð fyrir sláturhúsi í tengslum við stöðina.

1.3 Eftirlit

Matvælastofnun (skv. þjónustusamningi við Umhverfisstofnun skv. 14. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, 24. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 2. gr. laga nr. 80/2005, um Matvælastofnun, sbr. lög nr. 49/2014) hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila.

¹ Tillaga að breytingu á starfsleyfinu í desember 2015. Áður stóð „bleikjuseiðum og borra“.

² Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út til Íslenskrar matorku ehf., kt. 480210-0930, þann 4. desember 2014, en var fært í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, yfir á nýjan rekstraraðila, þann 21. október 2015, sem er Matorka ehf., kt. 500412-0540.

³ Tillaga að breytingu á starfsleyfinu í desember 2015. Áður stóð „bleikju- og borrhaseiðum“.



1.4 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

1.5 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

1.6 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá fiski, úrgangi, efnaafgöngum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef fiskeldið hefur legið niðri í meira en mánuð.

Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun eldisfisksins sbr. ákvæði greinar 4.5, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar.

Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef eldið hefst aftur hafi starfsemin legið niðri.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.5.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fáanlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkalla starfsleyfi reksturs.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 29. gr. laganna.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. grein 1.3 og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS FÓÐURGJÖF

2.1 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

VATNSGÆÐI OG LÍFRÍKI



2.2 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis. Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Hugmyndafræði fyrirtækisins byggir á umhverfisvænni og sjálfbærri framleiðslu og starfar fyrirtækið eftir grænu hringferli sem byggir á því að nýta aðföng og orku á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisins

2.3 Hreinsun svifagna úr frárennsli

Leiða skal frárennsli í setþró eða annan sambærilegan búnað sem síar eða fellir út svifagnir sem fastefni, þ.e. seyru. Setþró skal vera hönnuð þannig að auðvelt sé að ná seyrunni úr henni.

Safnrými skal vera fyrir seyru og tæma skal úr því rými árlega eða áður en það fyllist. Seyruna má nota sem áburð eða koma henni fyrir á viðurkenndum förgunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 799/1999, um meðhöndlun seyru.

2.4 Efnalosun

Losun mengandi efna í ferskvatn takmarkast af eftirfarandi mörkum:

Fosfór: 7 kg P/framleitt tonn.

Köfnunarefni: 20 kg N/framleitt tonn.

Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

2.5 Frágangur við útrás frárennslis

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila það þegar í stað og skal farið með málið skv. grein 1.8.

Rekstraraðila er skylt að sjá um að hvergi sé við útrásina þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka:

- Set eða útfellingar
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir)
- Olía eða froða
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

2.6 Lífríki og flokkun vatns

Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki, sbr. þó grein 2.9. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis.

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.7, ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

2.7 Efnainnihald viðtaka

Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda 1 m frá útrás:

- hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2°C
- lágmark súrefnismettunar: 70%
- má ekki fara undir 6 mg O₂/l
- má ekki fara yfir 9 mg O₂/l 50% af tímanum
- sýrustig, pH 6-9



- hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
- ammoniak, NH_3 : minna en 0,025 mg/l
- súrefnisnotkun BOD5 : hæst 4 mg O_2 /l (eða hæst COD: 20 mg/l)
- HOCl: hæst 0,004 mg/l
- olíur og fitur: olíubræk má ekki sjást
- hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l

2.8 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

2.9 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög um veiðar og dýravernd.

ÚRGANGUR

2.10 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það fer í frárennsli. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 2.11.

2.11 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs, og vinna að endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikum eins vel og kostur er og þá sérstaklega m.t.t. nýtingu aukaafurða. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

2.12 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

ANNAÐ

2.13 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögun nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. grein 4.4.



3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.4.,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olíugildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði.

3.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli og setþró eða sambærilegum búnaði. Frágangur búnaðarins skal vera þannig að auðvelt sé að mæla rennsli stöðvarinnar miðað við hæð vatns við útrás eða inntöku vatns. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

3.3 Sýnataka og mælingar úr viðtaka, frárennsli og seyru

Mælingar skal gera í frárennsli og viðtaka annað hvert ár. Greina skal aukningu svifagna, sbr. grein 2.7, og TOC (eða COD). Mælingar skal gera að vetri til og niðurstaða skal berast fyrir 1. apríl sama vetur.

Ef notuð er bein mæling á losun næringarefna samkvæmt grein 3.4 skal mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni í frárennsli annað hvert ár. Ef notuð er óbein mæling skal gera mælingar á innihaldi köfnunarefnis og fosfórs í seyru annað hvert ár í stað mælinga í frárennsli.

Mæla skal fyrir og eftir hreinsun. Mælingar vegna næringarefna skal gera annað hvert ár, hvort heldur sem notuð er bein eða óbein mæling á þeim, sbr. grein 3.4.

Fyrstu mælingar skv. þessari grein skulu fara fram [fyrir] 1. ágúst 2015.

3.4 Mat á losun næringarefna

Velja má á milli tveggja aðferða, þ.e. beinnar og óbeinnar mælingar, við að meta losun á heildarköfnunarefni og fosfór (sbr. kröfur í grein 2.4):

a) Bein mæling á efnunum í frárennsli.

b) Óbein mæling. Reikna skal losun til umhverfisins út frá:

- útreiknuðu heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs í fóðri,
- reiknaðri upptöku næringarefnanna í fiskinn,
- magni seyru sem fjarlægð er frá svæðinu og mælingar á fosfór og köfnunarefni í seyrunni.



Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun um hvora ofangreinda aðferð skuli nota. Rekstraraðila skal tilkynnt um það ef Umhverfisstofnun ákveður að nota skuli aðra aðferðina frekar en hina.

3.5 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 2.6.

3.6 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, en heimilt er að sameina skilin ársyfirliti sbr. gr. 3.5. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fódrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2015 og endurskoðuð á 4 ára fresti.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMA5), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það síða 7 af 10



vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

4.5 Neyðaráætlun

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega. Skila skal drögum að neyðaráætlun fyrir 15. janúar 2015

4.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4.

Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

4.7 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni frárennslis frá eldisstöðinni sem og lífríki Minnivallalækjar í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir og þar verði gerð grein fyrir viðeigandi ráðstöfunum, mælist magn efna í frárennslis yfir ásættanlegum mörkum skv. starfsleyfi og gildandi lögum og reglugerðum. Rekstraraðili skal vera með vöktunaráætlun sem samþykkt skal vera af Umhverfisstofnun. Skila skal drögum að vöktunaráætlun skv. grein 5.1 fyrir 15. janúar 2015. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar.

Taka skal mið af bæklingi Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 3.5, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir tengdum vöktunarmælingum og öðrum mælingum sem Umhverfisstofnun leitar eftir skv. starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. eftirlitsflokk samkvæmt grein 11.b í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 4. desember. 2030.

Reykjavík [x. x 2016]⁴⁵

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

⁴ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út til Íslenskrar matorku ehf., kt. 480210-0930, þann 4. desember 2014, en var fært í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, yfir á nýjan rekstraraðila, þann 21. október 2015, sem er Matorka ehf., kt. 500412-0540.

⁵ Tillaga að breytingu á starfsleyfinu í desember 2015. Áður stóð „21. október 2015“.



VIÐAUKI

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Skv. grein 3.3 skal fyrsta mælingin á frárennsli og viðtaka fara fram fyrir 1. ágúst 2015 og annað hvert ár eftir það.
- Taka skal saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert skv. grein 3.5
- Grænu bókhaldi skal skila í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða
- Vinna skal að umhverfismarkmiðum fyrir reksturinn og skulu þau liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2015. Markmiðin skulu endurskoðast á 4 ára fresti.
- Skila skal drögum að neyðaráætlun skv. grein 4.5 fyrir 15. janúar 2015, ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kemur
- Skila skal drögum að vöktunaráætlun skv. grein 5.1 fyrir 15. janúar 2015

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

FYLGISKJAL

Ákvörðun tiltekinna ákvæða starfsleyfisins og losunarmarka:

- i. Umhverfisstofnun hefur í grein 2.4 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (7,0 kg/tonn af framleiddum fiski). Samkvæmt ákvæðum greinar 7.2 í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
- ii. Kröfur í grein 2.5 um gæðamarkmið við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka eru settar fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, fylgiskjali 1.A. um útrásir þar sem viðtaki nýtur ekki sérstakrar verndar.
- iii. Kröfur í grein 2.7 um hámarkshitabreytingar af völdum frárennslis, lágmark súrefnismettunar, sýrustig, hámarksbreytingu á sýrustigi vegna frárennslis, ammóníaks, súrefnisnotkun BOD₅, HOCl, olíur og fitur og hámarksaukningu á svifögnum vegna frárennslis eru upprunnar í reglugerð nr. 798/1999, fylgiskjali 1.B. um umhverfismarkmið fyrir hámarksmengun í ám og vötnum utan þynningarsvæðis.
- iv. Í samráði við starfsleyfisumsókn rekstraraðila eru mörk niturs í frárennsli ákveðin 20 kg N/framleitt tonn vegna þeirrar nýju eldistækni sem verið er að setja upp og á að auðvelda endurnýtingu vatns og minnka úrgangslosun.